

**Aðalfundur hverfisnefndar Lunda-og Gerðahverfis, haldinn í Lundarskóla fimmduginn 2. október 2008, kl.20.00.**

Formaður, Sædís Gunnarsdóttir, fór yfir störf nefndarinnar sl. ár.

Nefndin reyndi að finna kostunaraðila fyrir hraðamæli á ljósastaur og endurskinsvesti á börn í Lundarskóla en hafði ekki erindi sem erfiði. Því var ákveðið var að hvíla þau verkefni.

Haldin var vorhátíð í maí í samvinnu við Lundarskóla og foreldrafélag Lundarskóla. Framkvæmdadeild Akureyrarbæjar kom einnig rausnarlega að hátíðinni. Yfirskrift hátíðarinnar var: “Tökum til hendinni í grenndinn”. Íbúar voru hvattir til að fara út á opin svæði í hverfinu og tína rusl og svo var boðið til hátíðar við Lundarskóla með veglegri dagskrá og boðið var upp grillaðar pylsur. Hátíðin tókst mjög vel og var ágæt þáttaka við ruslatíslu.

Fram kom að nokkrir eru að hætta í nefndinn nú eða þau Sædís Gunnarsdóttir, Aðalbjörn Pálsson, Sigfús Karlsson og Ingibjörg Baldursdóttir. Þuríður Árnadóttir hefur gefið kost á sér til setu í nefndinni á nýju starfsári en enn vantar fólk og fram kom að nefndinni verði falið það verkefni að finna nýtt fólk þegar hún kemur saman.

Nokkur umræða var um mönnun hverfisnefnda, störf þeirra og boðleiðir til stjórnvaldsins og fram kom að róðurinn væri frekar þungur.

Þorsteinn Pétursson forvarnarfulltrúi lögreglunnar var gestur fundarins og hélt erindi um ferðaöryggi í hverfinu. Hann lagði áherslu á hvernig við sem ferðumst getum gert umferðina öruggari og verið góðir vegfarendur. Hann lagði áherslu á uppeldisþáttinn, að foreldrar væru börnum gott fordæmi. Umræða spannst um aksturshraða, hraðahindranir, þrengingar ofl. í hverfinu Einnig kvaðst Þorsteinn reka mikinn áróður meðal menntaskólanema um notkun Miðhúsabrautar á leið til og frá skóla til að draga úr umferð innan hverfisins á álagstímum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ritari: Ingibjörg Baldursdóttir.